

## Vinnulag í ung- og smábarnavernd þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun—notkun M-CHAT-R/F og tilvísanir

Þegar grunur vaknar um einhverfu þarf að skoða eftirfarandi:

### Rauð flögg við 12 mánaða aldur

Ekkert babl til staðar  
Engar bendingar/annað látbragð til staðar  
Afturför í þroska  
Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

### Rauð flögg við 18 mánaða aldur

Ekkert orð til staðar  
Stöðnun eða afturför í þroska  
Systkini/foreldri með einhverfurófsröskun

### Þroskamat við 18 mánaða aldur

Barn bendir ekki til að sýna áhuga  
Notar ekki 6-10 orð

### Áhyggjur foreldra á PEDS

Skoðið m.t.t. annarra vísbendinga um vanda

### Athugið einnig hvort barnið \*

Bregst við eigin nafni  
Reynir að ná augnsambandi við þig  
Horfir á hlut í fjarlægð sem þú bendir á  
Tekur þátt í ímyndunarleik (s.s. drekka úr bolla, gefa dúkku að borða) og notar augnsamband við þig í leiknum


Ef ofangreind atriði og klínískt mat gefa vísbendingar um einhverfu er eftirfarandi gert:

1. Foreldrar upplýstir um áhyggjur sem koma fram í skoðun og að þörf sé á nánari athugun
2. Beiðni um heyrnarmælingu og athugun hjá talmeinafræðingi
3. M-CHAT-R lagt fyrir foreldra \*\*
4. Ef 3 eða fleiri atriði á listanum benda til einhverfu, er haft samráð við barnasálfræðing og lækni á heilsugæslustöð
5. Sálfræðingur leggur fyrir M-CHAT-R/F eftirfylgdarviðtal á heilsugæslustöð eða í gegnum síma
6. Ef 8 eða fleiri atriði á M-CHAT-R má sleppa eftirfylgdarviðtali og vísa beint í greiningu

Ef barn stenst ekki 2 atriði í eftirfylgdarviðtali:

1. Tilvísun send til Ráðgjafar- og greiningarstöðvar (RGR). Mikilvægt að hafa greinargóða lýsingu á áhyggjum fagfólks og foreldra, helstu atriði í þroskasögu barns og lýsingu á einkennum barnsins og vanda. Niðurstöður úr heyrnarmælingu og athugun talmeinafræðings, ef liggja fyrir
2. Leikskóli/skólaþjónusta upplýst um áhyggjur. Mælt með forgangi um vistun og snemmtækri íhlutun ef við á. Upplýsingar um samskipti við leikskóla/skólaþjónustu komi fram á tilvísun til RGR
3. Ráðgjöf og fræðsla til foreldra og áframhaldandi eftirfylgd í ung- og smábarnavernd

Ef sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur eru í vafa um þörf á aðkomu RGR:



\* Byggt á Joint Attention Observation Schedule (JA-OBS), <https://doi.org/10.1016/j.ridd.2012.02.018>

\*\* M-CHAT-R/F spurningalistar, eftirfylgdarviðtal og leiðbeiningar: <https://mchatscreen.com/mchat-rf/translations/>